



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á markaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 16)

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur með vísan til 17. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 ásamt síðari breytingum nr. 78/2005, greint markað fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 16). Með bréfi, dags. 8. júlí 2005, voru drög að greiningu á markaði 16 send til fjarskiptafyrirtækja og þeim boðið að gera athugasemdir við markaðsgreininguna og niðurstöðurnar. Eftirfarandi aðilar sendu inn athugasemdir við frumdrögin: Og fjarskipti hf.¹ (Og Vodafone), Samkeppniseftirlitið og Síminn. Greining á markaði 16 var uppfærð í samræmi við þær athugasemdir sem teknar voru til greina, auk þess sem öll tölfræði var uppfærð í samræmi við nýjustu tölur.

Með bréfi, dags. 2. júní 2006, tilkynnti PFS til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) drög að ákvörðun um markað 16 í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 og tilmæli ESA um tilkynningu skv. 7. gr. rammatilskipunar². Þann 3. júlí 2006 bárust PFS athugasemdir ESA við framangreind drög. ESA gerði athugasemdir við mat PFS á markaðsstyrk IMC Ísland og óskaði eftir því að PFS fylgdist náið með þróun lúkningarverðs hjá IMC Ísland og því hvort þær óvenjulegu aðstæður sem réttlættu það að IMC væri ekki útnefnt með umtalsverðan markaðsstyrk séu áfram til staðar. ESA gerði einnig athugasemdir við ákvörðun PFS að ákveða lúkningarverð hjá Símanum og Og Vodafone með verðsamanburði og lagði áherslu á að PFS skuldbindi sig til að nota kostnaðar- og verðaðferðafræði sem tryggji hagkvæm verð notendum til hagsbóta.

¹ Nú Og fjarskipti ehf.

² EFTA Surveillance Authority Recommendation of 14 July 2004 on notifications, time limits and consultations provided for in Article 7 of Directive 2002/21/EC of the European Parliament and of the Council on a common regulatory framework for electronic communications network and services (No 193/04/COL).

Framangreindar athugasemdir ESA hafa verið teknar til greina í ákvörðun þessari og greining á markaði 16 hefur verið uppfærð í samræmi við það og er að finna í viðauka 1 með ákvörðun þessari. Skýrsla um verðsamanburð og aðlögunartíma fyrir lækun lúkningarverðs vegna símtala í GSM farsímanet Símans og Og Vodafone er að finna í viðauka 2 með ákvörðun þessari. Athugasemdirnar sem bárust frá markaðsaðilum við frumdrög að greiningu á markaði 16 hafa verið flokkaðar saman eftir efni, köflum og málsgreinum og er þeim svarað í viðauka 3 með ákvörðun þessari. Athugasemdir ESA er að finna í viðauka 4 með ákvörðun þessari.

1 Útnefning fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk

Með hliðsjón af greiningu á markaði 16 og í samræmi við 2. mgr. 17. gr. sbr. 18. gr. fjarskiptalaga hefur PFS ákveðið að útnefna Símann og Og fjarskipti ehf. (Og Vodafone) með umtalsverðan markaðsstyrk á eftirfarandi mörkuðum:

- Síminn: Lúkning símtala í GSM farsímaneti Símans.
- Síminn: Lúkning símtala í NMT farsímaneti Símans.
- Og Vodafone: Lúkning símtala í GSM farsímaneti Og Vodafone.

Það er niðurstaða PFS að óvenjulegar aðstæður séu til staðar á markaði fyrir lúkningu símtala í GSM farsímaneti IMC Ísland sem geri það að verkum að ekki er hægt að álykta svo að félagið sé með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði. Í ljósi þess er engin skylda til að leggja kvaðir á félagið. PFS mun hins vegar fylgjast grannt með þróun verðs fyrir lúkningu í GSM farsímaneti IMC Ísland og stöðu félagsins á farsímamarkaði til að ganga úr skugga um hvort aðstæður hafi breyst í þá átt að nauðsynlegt sé að endurskoða framangreinda niðurstöðu um IMC Ísland.

2 Álagning kvaða

Í samræmi við 27. gr. fjarskiptalaga hefur PFS ákveðið að leggja eftirfarandi kvaðir á framangreind fyrirtæki sem útnefnd eru með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum. Að mati PFS eru þessar kvaðir bæði í samræmi við þau markmið sem fram koma í ramma- og aðgangstilskipunum ESB og ákvæðum fjarskiptalaga og viðeigandi fyrir það tímabil sem gert er ráð fyrir að líði þar til viðkomandi markaður verður greindur aftur. PFS telur að kvaðirnar séu til þess fallnar að koma í veg fyrir að félögin geti mismunað og haldið uppi of háum lúkningarverðum. PFS telur rétt að leggja sambærilegar skyldur á fyrirtækin á mörkuðum fyrir lúkningu símtala í GSM farsímanet. Að öðru leyti vísar PFS til greiningar á markaði 16 í viðauka 1 og skýrslu um verðsamanburð og aðlögunartíma í viðauka 2.

Eftirfarandi kvaðir koma í stað þeirra kvaða sem hvíldu á Símanum og Og Vodafone vegna útnefningar félaganna með umtalsverða markaðshlutdeild á samtengingarmarkaði fyrir GSM farsímanet skv. eldri fjarskiptalögum nr. 107/1999.

2.1 Kvaðir á GSM farsímanet Símans og Og Vodafone

PFS hefur ákveðið að leggja eftirfarandi kvaðir á Símann og Og fjarskipti ehf. (Og Vodafone) varðandi GSM farsímanet fyrirtækjanna.

2.1.1 Kvöð um að veita aðgang að GSM farsímaneti vegna lúkningar símtala

Með heimild í 24. gr. og g. lið 2. mgr. 28. gr. fjarskiptalaga eru lagðar þær skyldur á Símann og Og Vodafone að semja um samtengingu við fjarskiptafyrirtæki sem bjóða almenna fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet og bjóða upp á lúkningu símtala í GSM farsímanetum sínum. Samtengisamningum skal lokið án tafar og eigi síðar en innan eins mánaðar frá því að óskað var eftir þeim. Bæði fyrirtækin skulu gefa kost á að tengjast eigin farsímanetum beint og það skal ekki gert að skilyrði að farsímaumferð fari fyrst í gegnum fastanet fyrirtækjanna.

2.1.2 Kvöð um gagnsæi

Með heimild í 29. gr. fjarskiptalaga eru lagðar skyldur á Símann og Og Vodafone um gagnsæi og birtingu viðmiðunartilboðs. Fyrirtækin skulu birta verð fyrir lúkningu símtala í farsímanetum sínum ásamt upplýsingum um þær tæknilegu kröfur sem gerðar eru til samtengingar. Fyrirtækin skulu einnig birta opinberlega bókhaldsupplýsingar um afkomu í GSM farsímaneti í samvinnu við PFS. Fyrirtækin skulu birta viðmiðunartilboð um samtengingu eigi síðar tveim mánuðum eftir gildistöku ákvörðunar um álagningu kvaða. Samtengisamninga fyrir öll farsímanet ber að senda PFS eigi síðar en viku eftir undirritun þeirra, sbr. 6. mgr. 24. gr. fjarskiptalaga.

2.1.3 Kvöð um jafnræði

Með heimild í 30. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann og Og Vodafone að gæta jafnræðis við gerð samninga um lúkningu símtala í GSM farsímanetum sínum. Félögin skulu veita öllum kaupendum á lúkningu símtala í heildsölu, þ.m.t. eigin deildum, þjónustu með sambærilegum skilmálum, verðum og gæðum. Aðgang að netinu skal veita innan sambærilegs tíma. Félögin skulu haga starfsemi sinni með þeim hætti að meðferð upplýsinga sem fram koma við gerð og framkvæmd samtengisamninga sé í samræmi við 26. gr. fjarskiptalaga. Óheimilt er að afhenda öðrum upplýsingar um viðskipti við önnur fyrirtæki um lúkningu símtala, þ.á.m. öðrum deildum fyrirtækisins, dótturfyrirtækjum eða samstarfsaðilum.

2.1.4 Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað

Með heimild í 31. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann og Og Vodafone um bókhaldslegan aðskilnað vegna GSM farsímaneta. Aðgreining í bókhaldi skal háttað með tilliti til tekna, kostnaðar, eigna og skulda fyrir farsímaþjónustu á heildsölu- og smásölustigi. Síminn skal einnig aðgreina á milli GSM og NMT farsímaneta. Símanum og Og Vodafone ber að afhenda PFS árlega sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir heildsölu- og smásöluþjónustu farsímaneta ásamt yfirliti yfir skiptingu á óbeinum

kostnaði sem ekki er hægt að heimfæra með samanburði við aðra kostnaðarliði. Ofangreind yfirlit þurfa að hafa borist PFS fyrir 1. apríl ár hvert fyrir árið á undan.

2.1.5 Kvöð um eftirlit með gjaldskrá

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann og Og Vodafone að lækka lúkningarverð í GSM farsímanet sín í 7,49 kr. fyrir 1. júní 2008 og skulu félögin bjóða aðeins eitt verð fyrir lúkningu símtals hvort sem um dag, kvöld eða helgi er að ræða. Jafnframt skal tengigjald félaganna lækka með jöfnu millibili þar til það fellur niður fyrir 1. júní 2008. Þetta er niðurstaða PFS þegar borin hafa verið saman lúkningarverð sem tíðkast á sambærilegum mörkuðum og meðaltal þeirra þriggja lægstu fundið. Nánari upplýsingar um aðferðafræðina og niðurstöður PFS er að finna í skjali sem birt er í viðauka 2 við ákvörðun þessa.

Síminn og Og Vodafone skulu lækka lúkningarverð sín og tengigjöld í fjórum skrefum eins sýnt er í neðangreindri töflu. Þar sem félögunum er ætlað að bjóða upp eitt lúkningarverð þá er verðið hjá Og Vodafone í neðangreindri töflu kr. 12,10, sem er meðallúkningarverð miðað við dagtaxta kr. 13,4 og kvöldtaxta kr. 11,0.

Lækkun lúkningarverða í GSM farsímanetum til 1.6.2008.

		1.1 2006	1.9 2006	1.6 2007	1.12 2007	1.6 2008
Verðsamanburður	7,49					
Síminn lúkningarverð	8,92	8,92	8,56	8,21	7,85	7,49
Og Vodafone lúkningarverð	12,10	12,10	10,95	9,80	8,64	7,49
Og Vodafone tengigjald	0,99	0,99	0,74	0,50	0,25	0,00
Síminn tengigjald	0,68	0,68	0,51	0,34	0,17	0,00
Mismunur	3,18	3,18	2,39	1,59	0,80	0,00

Til að fylgjast með breytingum á heildsölugjaldskrá setur PFS það skilyrði að öll ný heildsöluverð Símanns og Og Vodafone og breytingar á þeim skulu vera tilkynnt til PFS. Ný heildsöluverð öðlast því ekki gildi nema með fyrirfram samþykki PFS.

Í tilefni af athugasemd ESA við ákvörðun PFS að ákveða lúkningarverð hjá Símanum og Og Vodafone með verðsamanburði þá vill PFS ítreka að stofnunin telur rétt að styðjast við verðsamanburð við ákvörðun á lúkningarverði fyrst um sinn. Að mati PFS þá er sú aðferð minnst íþyngjandi fyrir fyrirtækin, einföld og gefur kost á að niðurstaða fái á tiltölulega skömmum tíma. PFS mun fylgjast vel með árangri af framangreindri aðferð og ef ekki næst viðunandi árangur hyggst stofnun krefjast þess að félögin geri kostnaðarlíkan samkvæmt LRIC aðferðafræði miðað við hagkvæmt rekið fyrirtæki og ákveða verð með hliðsjón af því.

PFS leggur áherslu á að tilgangurinn með álagningu framangreindrar kvaðar er að tryggja hagkvæm lúkningarverð neytendum til hagsbóta. PFS mun fylgjast grannt með því hvaða áhrif lækkun lúkningarverðs mun hafa á verð til neytenda.

2.2 Kvaðir á NMT farsímanet Símans

PFS hefur ákveðið að leggja eftirfarandi kvaðir á Símann varðandi NMT farsímanet félagsins.

2.2.1 Kvöð um að veita aðgang að NMT farsímaneti vegna lúkningar símtala

Með heimild í 24. gr. og g. lið 2. mgr. 28. gr. fjarskiptalaga eru lagðar skyldur á Símann að semja um samtengingu við fjarskiptafyrirtæki sem bjóða almenna fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet og bjóða upp á lúkningu símtala í NMT farsímaneti sínu. Samtengisamningum skal lokið innan eins mánaðar frá því að óskað var eftir þeim. Síminn skal gefa kost á að tengjast eigin farsímaneti beint og það skal ekki gert að skilyrði að farsímaumferð fari fyrst í gegnum fastanet fyrirtækisins.

2.2.2 Kvöð um jafnræði

Með heimild í 30. gr. fjarskiptalaga er viðhaldið kvöð á Símanum að gæta jafnræðis við gerð samninga um lúkningu símtala í NMT farsímaneti sínu. Síminn skal veita öllum kaupendum á lúkningu símtala í heildsölu, þ.m.t. eigin deildum, þjónustu með sambærilegum skilmálum, verðum og gæðum. Aðgang að netinu skal veita innan sambærilegs tíma. Síminn skal haga starfsemi sinni með þeim hætti að meðferð upplýsinga sem fram koma við gerð og framkvæmd samtengisamninga sé í samræmi við 26. gr. fjarskiptalaga. Óheimilt er að afhenda öðrum upplýsingar um viðskipti við önnur fyrirtæki um lúkningu símtala, þ.á.m. öðrum deildum fyrirtækisins, dótturfyrirtækjum eða samstarfsaðilum.

2.2.3 Kvöð um eftirlit með gjaldskrá

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga hefur PFS ákveðið að leggja skyldu á Símann að bjóða ekki hærri verð fyrir lúkningu á símtölum í NMT farsímanet en voru í gildi skv. gjaldskrá þann 31. desember 2005, þ.e. 14,4 kr. á dagtaxta og 13 kr. á kvöldtaxta og 0,68 kr. tengigjald.

Til að fylgjast með breytingum á heildsölugjaldskrá setur PFS það skilyrði að öll ný heildsöluverð Símans og breytingar á þeim skulu vera tilkynnt til PFS. Ný heildsöluverð öðlast því ekki gildi nema með fyrirfram samþykki PFS.

3 Gildistaka ákvörðunar og kæruleið

Ákvörðun þessi tekur gildi frá þeim degi sem hún birt og verður í gildi þar til annað er ákveðið af Póst- og fjarskiptastofnun.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 20. júlí 2006

Hrafnkell V. Gíslason

Jóhanna H. Halldórsdóttir

Meðfylgjandi:

Viðauki 1 – greining á markaði 16

Viðauki 2 – verðsamanburður og aðlögunartími

Viðauki 3 - niðurstöður úr samráði vegna markaðs 16

Viðauki 4 – athugasemdir ESA

Afrit til:

Samkeppniseftirlitið

ESA